

Er friðartal Bush og Sharons skálkaskjól til frekari illvirkja?

Vegvísirinn til friðar var kynntur af Bush fyrir nokkrum mánuðum eins og um einkaframtak hans væri að ræða, þótt hér væru á ferðinni sameiginlegar tillögur Rússlands, Evrópu-bandalagsins og Sameinuðu þjóðanna, auk Bandaríkjanna. Tillögurnar voru orðnar meira en árs gamlar þegar Bush dró þær upp úr vasanum eftir að hafa setið á þeim og tafið málin með alls kyns fyrirslætti og skilyrðum í þágu Ísraela. Eitt þeirra var að skipaður skyldi forætisráðherra palestínsku stjórnvaldanna sem var handvalinn af Ísraelsstjórn en ekki kosinn af Palestínunönnum. Mahmoud Abbas er virtur forystumaður, einn af stofnendum PLO, en nýtur ákaflega lítills fjölda-fylgis sem fjarði enn frekar út vegna tilkomu hans í embætti sem óskabams Sharons og Bush.

Vegvísirinn byggir á ályktunum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og er góðra gjalda verður, ef vilji er fyrir hendi til að fara eftir honum. Vegvísirinn felur í sér að binda endi á hernámið, en ísraelsk stjórnvöld sýna allt annað í verki. Friðartilburðir hefðu enda sýnt algera og ótrúverðuga hugafarsbreytingu að ræða af hálfu Sharons og þeirra herforingja sem stýrt hafa Ísraelsríki.

Alþjóðalög virt að vettugi
Sannleikurinn er sá, að grundvallarstefna zionismans, sem er meira en hundrað ára gömul, er enn í fullu gildi. Landránið er í stöðugri framskrá og „Oslóarárin“ það er 1993-2000, voru engin undantekning. Landtökubýggðum fjölgaði og þær stækkuðu á sama tíma og Ísraelar þóttust vera að gera friðarsamninga sem heita átti að grundvölluðust á alþjóðalögum og ályktunum Öryggisráðsins, en samkvæmt þeim er

Sveinn Rúnar

Hauksson skrifar

öll landtaka ólögleg. Það á líka við um athæfi Ísraelsstjórnar og hernámsslöðsins í heild gagnvart íbúum herteknu svæðanna og flóttafólki. Mannrán og morð, eyðilegging heimila, jöfnun ávaxta- og aldingaröa við jörðu, alls slags hindranir á ferðafrelsi, hvers kyns hópfersingar; allt eru þetta gróf brot á Fjórða Genfarsáttmálanum og öðrum alþjóðalögum um mannréttindi og mannúð. Eftir að Vegvísirinn var kynntur samþykktu Palestínumenn hann án fyrirvara en Ísraelar settu hundrað fyrirvara. Heita átti þó að þeir hefðu fallist á tillögurnar í stórum dráttum. Í ljós hefur komið að Sharon var engin alvara. Hann hefur líka stuðning stórs meirihluta Bandaríkjaþings í að virða friðartilögur að vettugi og halda áfram stríðinu gegn palestínsku þjóðinni.

76 felldir á tveim mánudögum í Hudna (vopnahléi)

Á tveim mánuðum frá því að Abbas, Bush og Sharon innsigliðu Vegvísirinn í Aqaba í Jórdaníu í júní síðastliðnum og eftir að vopnaðar andspyrnuhreyfingar á herteknu svæðunum lýstu yfir

einliða vopnahléi, Hudna, þann 29. júní, myrta Ísraelsher 76 manns. Flestir voru óbreyttir borgarar, þar á meðal sjö börn og fjórar konur. Á annað hundrað heimila hafa verið eyðilögð í tillitslausum sprengju- og skotárásum. Um 500 manns hefur verið rænt af Ísraelsher á sama tíma og ísraelsk yfirvöld hafa í sýndarmennsku látið lausa fanga sem flestir höfðu hvort sem var afplánað sinn dóm að mestu leyti. Sjá heimsíðu mannréttindasamtakanna www.miftah.org.

Aðskilnaðarmúrinn

Ef til vill er það vegna þess hve Vegvísirinn lá lengi í rassvasa Bush að í hann vantaði umfjöllun um þá ógn sem steðjar hvað mest að Palestínunönnum nú og gerir að engu möguleika á sjálfstæðu ríki Palestínumanna, en það er Aðskilnaðarmúrinn sem hefur verið í byggingu í rúmt ár. Ísraelar kalla hann öryggisgirðingu, en múrinn er tvisvar sinnum hærrí en Berlínarmúrinn var nokkru sinni og verður þrisvar sinnum lengri, ef fram fer sem horfir. Múrinn og girðingarnar ná langt inn á Vesturbakkann, bæði vestan megin sem



snýr að Ísrael og enn frekar austan megin sem snýr að Jórdaníu. Með múrnunum eru Palestínumenn lokaðir af í nokkrum gettöum, sem eru sundurslitin hvert frá öðru. Það er jafnframt verið að ræna til viðbótar meira en helmingi alls lands Vesturbakkans, þá fyrst og fremst þeim svæðum sem eru gróður-

Greinarhöfundur með nokkrum börnum á rústum íbúðarhúss í Khan Yunis á Gaza-ströndinni. Í baksýn er víggirðing landtökubýggðar Ísraela, sem þarna er litlu minni en Apartheid-múrinn á Vesturbakkanum.

Framhald á baksíðu

Áfallahjálparmiðstöðin

Remedial Education Center er staður þar sem reynt er að annast börn og fjölskyldur þeirra sem hafa borið andlegt tjón af ástandinu sem skapast hefur í samfélagi Palestínumanna vegna uppreisnar þeirra gegn hernámi Ísraels, eða „Intifada“ eins og hún er kölluð á arabísku.

Þessi uppreisn nr. tvö sem hófst í september árið 2000 er um margt frábrugðin þeirri fyrri sem hófst 1987. Í þeirri fyrri reyndu Ísraelar að drepa þá sem voru forustumenn uppreisnarinnar, núna eru hins vegar allir í hættu, bæði utanhúss og innan og reynt er að eyðileggja allt sem kemur Palestínumönnum að gagni, svo sem tré og annan nytjagróður, menga loft og drykkjarvatn, eyðileggja verslanir, heimili og eignir og drepa húsdýr. Enginn og ekkert er óhult.

Með þessu eykst þrýstingurinn á almenning og vekur enn meiri ótta meðal

venjulegs fólks. Jafnframt kemur þessi nýja tegund ofbeldis til viðbótar því ofbeldi sem tíðkaðist áður, eins og að láta almenning bíða tímunum saman við vegatálma, sýna fólki fádæma niðurlægingu við líkamsleit, barsmiðar, hrindingar og annan þjónaskap. Allt þetta samantekið miðar að því að láta Palestínumönnum finnast þeir standa aleinir í baráttu sinni. Þannig snertir þessi tegund ofbeldis einnig það fólk sem sjálft tekur engan virkan þátt í uppreisninni og bitnar jafnframt verst á því. Því finnst það lagt í einelti þrátt fyrir að reyna að standa utan við átökin. Með því að beita þessari tegund ofbeldis reyna Ísraelar að vernda og styrkja stöðu sína.

Forstöðumaður Áfallahjálparmiðstöðvarinnar (Remedial Education Center), dr. Husam Hamdouna, segir að starfsmennirnir reyni að beita allri sinni menntun og þekkingu til að vinna gegn áhrifum ofbeldisins. Stofnaðir hafa verið vinnuhóp-



Ástandið hefur haft gífurlega slæm áhrif á börnin, kynslóðina sem á að taka við.

ar ýmissa starfsstétta og þjóðfélagshópa, svo sem meðal háskólanema, meðal háskólamenntaðs fólks, verkamanna og meðal kvenna. Þessir hópar tjá sig um liðan sína. „Við reynum að hjálpa þeim og styrkja þau í þessu vegna þess að þessi tjáning er fólkinu mjög erfið. Við leggjum ríka áherslu á að fólkinu finnst það ekki standa aleitt í baráttu sinni. Jafnframt erum við með sumarbúðir fyrir börn í júní, júlí og ágúst. Þar er mikilvægt að sjálfbodaliðar frá öðrum löndum sjái sér fært að mæta.“ Að mati starfsmanna stofnunarinnar er þessi starfsemi afar mikilvæg, en öll starfsskilyrði eru mjög erfið vegna ástandsins í palestínsku samfélagi. Áhrif hernámsins á sálarlíf barnanna eru ákaflega alvarleg.

Börnunum gengur illa í skóla, þau eru árásgjörn, væta rúm í svefni og eiga erfitt með að taka þátt í samræðum.

Feðurnir beita konur sínar og syni ofbeldi, og eru að heiman eins mikið og hægt er.

Mæður láta reiði sína bitna á börnunum og eiginmönnum.

Tengslin innan fjölskyldunnar verða mjög erfið við þessar aðstæður og setja mjög sterkan svip á næstu kynslóð, þá kynslóð sem á að taka við samfélagi framtíðarinnar. Milli 75 og 85% allra barna í flóttamannabúðum á Gaza svæðinu eiga við andleg vandamál að stríða.

Þegar við yfirgefum Remedial Education Center sjáum við hópa barna sem safnast saman á götuhornunum og gangstéttunum. Meðan beðið er eftir leigubíl fylgjumst við með börnunum nokkra stund. Þau eldri eru greinilega mikið fyrir að láta högginn dynja á þeim yngri, hrinda þeim og sparka í þau svo erfitt er að horfa aðgerðarlaus á. Þessi sjón leggur enn frekari áherslu á það sem við fengum að heyra inni í stofnuninni. Það er hverjum manni ljóst að það er langt í land við að byggja upp palestínskt samfélag þar sem sátt og samlyndi ríkir og virðing fyrir einstaklingnum setur svip sinn á umhverfið.

Borgþór Kjærnested

Nokkrar tölur sem byggjast á viðtölum við fjölskyldur í Macasi flóttamannabúðunum:

Karlar

- 56% hafa beitt eiginkonur sínur ofbeldi
- 67% hafa beitt börnin sín ofbeldi
- 66% hafa yfirgefið fjölskyldu sína
- 55% hafa rekið fjölskyldu sína á dyr
- 55% eiga í miklum tjáningarerfiðleikum við konu sína og börn

Konur

- 40% hafa látið reiði sína bitna á eiginmönnum
- 69% hafa látið reiðina koma niður á börnunum
- 25% forðast samskipti við ættingja sína
- 81% reyna að einangra sig með börnunum
- 79% vilja vera einar og forðast samskipti við annað fólk
- 75% sinna ekki börnunum og láta þau mest sjá um sig sjálf

Börnin

- 84% sýna streitumerki og fá reiðisköst
- 83% fá svefntruflanir
- 86% sýna merki þunglyndis
- 74% gengur illa í námi
- 73% sýna afbrigðilega hegðun
- 74% leita til föður eða móður, vilja sofa uppí hjá þeim o.s.frv.
- 61% eru haldin lystarleysi
- 86% eru hrædd við myrkrið og nóttina
- 85% langar til að spengja sig í loft upp innan um Ísraela

Ísraelskar vörur á Íslandi



Einar Örn
Eiðsson
skrifar

Margir hafa að undanförunum haft samband við Félagið Ísland-Palestína og spurt hvort ekki standi til að vera með sniðgönguáttak gegn ísraelskum vörum. Greinarhöfundur hefur síðastliðið ár farið í verslanir ásamt fleirum og kannað úrvalið. Á vefsíðunni sem gefin er upp hér að neðan er hægt að sjá nöfn og myndir af flestum þeim vörum sem fundust.

Þær ísraelsku vörur sem helst standa almenningi til boða í verslunum eru landbúnaðarvörur, t.d. avokadó og greipaldin. Varast ber að þær vörur sem merktar eru „Palestinian Produce“ eða jafnvel „Product of Palestine“ eru oftast en ekki framleiddar af ísraelskum landtökumönnum á herteknu svæðunum en ekki Palestínumönnum, og er því um ísraelska vöru að ræða. Dæmi um slíkt eru „Coral“-jarðarber sem voru um tíma seld í verslunum 10-11, 11-11 og í Bónus. Auk þessa hefur Ölgerðin Egill Skallagrímsson flutt inn léttvín frá Ísrael sem seld eru í ÁTVR. Dæmi um þau eru Golan-rauðvín, sem eru framleidd á hinum herteknu Gólanhæðum. Skv. upplýsingum frá Agli Skallagrímssyni eru fleiri tegundir frá Ísrael væntanlegar á markað. Einnig vekur athygli að samkvæmt tölum Hagstofunnar er árlega fluttur til landsins fjarskipta- og tæknibúnaður frá Ísrael fyrir tugi milljóna. Þau fyrirtæki sem byggja fjarskiptakerfi



sín að hluta upp á búnaði frá Ísrael eru Lína .net (Loftnet Línu.net), og Landssími Íslands (RAD háhraðamódem, o.fl.). Í sumum tilvikum er notandanum látinn í té ísraelskur búnaður frá þjónustuaðila kaupi hann þjónustu hans, þetta á til að mynda við um Loftnet Línu.Nets.

Ég hvet félagsmenn til að vera á varðbergi og kaupa ekki ísraelskar vörur. Þeim sem fréttu af ísraelskum vörum til sölu er bent á að hafa samband við höfund í tölvupósti svo hægt sé bæta þeim á sniðgöngusíðu félagsins, oft er hægt að þekkja ísraelskar vörur á því að vörunúmerið (undir strikamerkinu) byrjar á „729“. Einnig er hægt að



skrifa forsvarsmönnum viðkomandi verslana kurteislegt bréf þar sem þið hvetjið þá til að hætta að sölu á ísraelskum vörum.

Slóðin að sniðgöngusíðunni, með myndum af vörunum, er: <http://www.palestina.is/snidganga>

Nytsamlegar slóðir:
<http://www.boycottisraelgoods.org>
<http://www.boikottisrael.no/>

ainar@sukk.net

Matvara:	
Jaffa greipaldin	10-11, Nóatún
Carmel sellerí	Bónus
Coral jarðarber	10-11, Bónus, 11-11
Rini Cherry smátómatar	10-11
Dorot frosið sellerí í teningum	Nóatún, Bónus, 10-11, Melabúðin, o.fl.
Dorot frosinn hvítlaukur í teningum	Nóatún, Bónus, 10-11, Melabúðin, o.fl.
Dorot frosið basil í teningum	Nóatún, Bónus, 10-11, Melabúðin, o.fl.
Dorot frosið dill í teningum	Nóatún, Bónus, 10-11, Melabúðin, o.fl.
Kedem avokadó	Nóatún
Hreinlætisvörur:	
Dead Sea Minerals húðvörur	Skipholts Apótek
Dr. Fisher / Derma Soft blautklútar	Öll apótek, Nóatún
Tölvu- og fjarskiptabúnaður:	
CheckPoint Eldveggir	EJS
Alvarion / BreezeCom þráðlaus netbúnaður	IceCom
RAD fjarskiptabúnaður	IceCom
Annað:	
Kapro hallamál og málbönd	BYKO

FRJÁLÐ PALESTÍNA

Málgagn Félagsins
Ísland-Palestína,

1. tölublað, 14. árgangur,
september 2003

Ritstjórar:

Vésteinn Valgarðsson og
Auður Karítas Ásgeirsdóttir

Höfundar efnis:

Borgþór Kjærnested, Einar Örn
Eiðsson, Eldar Ástþórsson, Eva Líf
Einarsdóttir, Guðfinnur Sveinsson,
Hilda Allansdóttir Shwaiki, Hrafn-
kell Brynjarsson, Þorvaldur Örn
Árnason, Magnús Þorkell Bern-
harðsson, Sveinn Rúnar Hauksson,
Uri Avnery, Vésteinn Valgarðsson

Útlit og umbrot:

Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:

Formaður:

Sveinn Rúnar Hauksson

Varaformaður:

Viðar Þorsteinsson

Ritari:

Auður Karítas Ásgeirsdóttir

Gjaldkeri:

Þorvaldur Örn Árnason

Meðstjórnandi:

Vésteinn Valgarðsson

Varastjórn:

Hilda Allansdóttir Shwaiki,
Hallgerður Thorlacius

Póstfang:

Félagið Ísland-Palestína
Glaðheimum 8, 104 Reykjavík
Sími/fax: 553 1302, GSM: 895 1349
Heimasíða: www.palestina.is
Netfang: palestina@palestina.is

ted). Þar af leiðandi telja Ísraelar skv. þessari hugtakanoftkun að það sé ekki verið að brjóta nein alþjóðalög.

Upp á síðkastið hafa komið upp á yfirborðið hugtök sem koma til með að hafa veruleg áhrif á framvindu mála á næstu misserum. Í sumar þegar fjallað var um „Vegvísinn“ lofaði ríkisstjórn Ísraels að fjarlægja „ólöglegu“ landnemabyggðirnar. Nær allir fjölmiðlar heims fjölluðu um þessa ákvörðun og notuðu þetta hugtak gagnrýnislaust. En með því að segja „ólöglegar“ landnemabyggðir hlýtur það þá að gefa til kynna að til séu „löglegar“ landnemabyggðir. Með þessu getur því ríkisstjórn Ísrael haldið því fram að sumar landnemabyggðir séu viðurkenndar og „löglegar“ og e.t.v. ekki samningsatriði í samningaviðræðum framtíðarinnar.

Nyjasta dæmið er þó þessi veggur eða múr sem Ísraelar eru að byggja á hernumdu svæðunum. Hann er orðinn að umtalsefni sérstaklega eftir nýlega heimsókn Ariel Sharon til Washington. Ríkisstjórn Ísraels heldur því fram að þetta sé „öryggisgirðing“. Fyrir þá yrði það mjög viðkvæmt pólitískt séð ef farið yrði að kalla þetta „múr“ því þá færi fólk að bera þetta saman við til dæmis Berlínarmúrinn. Þar sem þessi múr er enn nánast á byrjunarreit er ekki ólíklegt að þetta mál eigi eftir að verða eldfimara og viðkvæmara á næstu misserum.

Að lokum er það hugtakið „friðarviðræður“ eða „friðarferlið“. Við fáum reglulega fréttir af því að vel eða illa gangi í „friðarumleitunum“ fyrir botni Miðjarðarhafs. Þeir sem fylgjast vel með stöðu mála hafa haldið því stöðugt fram að „friðarferlið“ snúist meira um „ferli“ en



„frið“. En með því að fjalla um „friðarviðræðurnar“ og einblína á hver sé, eða sé ekki, að beita sér fyrir „friði“ þá er verið á sama tíma að beina kastljósinu burtu frá því að þarna er stríð. Þessar „friðarviðræður“ eru alls ekki til þess líklegar að binda endi á stríðið. Þær valda því þó meðal annars að umræðan snýst um hvað sé æskilegt (þ.e. friður) í framtíðinni frekar en hvað sé nú (stríð). Þar af leiðandi er ekki fjallað eins vel um hið hörmulega ástand eins og það er nú. Hið stríðskennnda ástand verður því með hverjum degi „eðlilegra“ og meira „auðkennandi“. Að lokum verður það að vana sem erfitt verður að breyta.

Þegar söguhetjan í bók Sahar Khalifeh, sem vitnað var í hér að framan, kemst loksins heim til Nablus verður hann fyrir miklu áfalli þegar hann upplifir vonleysið og órbirgðina meðal heimamanna. Brátt tekur hann virkan þátt í umræðunni meðal Palestínumanna um hvernig eigi að bregðast við ástandinu og hvort eða hvernig eigi að heyja vopnaða baráttu gegn Ísrael. En í lokamálsgrein bókarinnar kemur skýrt fram að líf Palestínumanna gengur sinn „vanagang“ þrátt fyrir, eða sennilega

vegna, erlendrar íhlutunar.

„Hann stóð á gangstétt og horfði á fólk á leiðinni heim eða á leið í vinnu. Þau mættu hversdagleikanum með stóskri ró, þegjandi og hljóðalaust. Ekkert hafði breyst. Torgið var þarna á sínum stað. Klukkan á torginu tifaði eins hægt og hún gerði alltaf. Bara blómin virtust hafa náð að vaxa og dafna. Adil fór um torgið í hljóði og gekk yfir götuna. Hann heyrði solumenn á götunni hrópa „Fiskur frá Gaza!“, „Appelsínur frá Jaffa“, „Bananar frá Jeríkó“

... Ungur strákur gekk framhá og auglýsti hvaða blöð voru til sólu: „Al-Quds! Al-Shaab! Al-Fajr! Kissinger tilkynnir lausn á deilunni fyrir botni Miðjarðarhafs!“ ... Fólkíð hélt áfram að útrétta og keypti ávexti, grænmeti og brauð.“

Magnús Þorkell Bernharðsson

1 Þessi skáldsaga kom upphaflega út árið 1976. Hún er til í enskri þýðingu Trevor LaGassick og Elizabeth Fernea Wild Thorns (Brooklyn: Interlink Books, 2000).

2 Um þessa nefnd sjá hina frábæru bók Nadiu Abu El-Haj Facts on the Ground: Archaeological Practice and Territorial Self-Fashioning in Israeli Society (Chicago: University of Chicago Press, 2001). Mannfræðingurinn Susan Slyomovics hefur ritað áhugaverða bók sem fjallar m.a. um minningu og staðarhætti The Object of Memory. Arab and Jew Narrate the Palestinian Village (Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1998)



Myndirnar
tók
Eva Rós

Barátta um land – barátta um hugtök

Ískáldsögu sinni al-Subar, lýsir palestínski rithöfundurinn Sahar Khalifeh samtali milli Palestínumanns, sem var að snúa aftur heim frá útlöndum, og ísraelsks hermans. Hermaðurinn hefur stöðvað Palestínumanninn, beðið um skilríki og spurt hvert ferðinni sé heitið. Palestínumaðurinn segist ætla að heimsækja móður sína. Eins og kemur fram í samtali nota þeir ólík orð til að lýsa sama bænum þar sem móðir Palestínumanns býr:

„Ég flutti fyrir fimm árum, þremur mánuðum eftir hernámið. Við áttum heima í Tulkarm, en þegar faðir minn lést þá flutti móðir mín til Nablus.“

„Af hverju flutti móðir þín til Shekem?“

„Henni líður vel í Nablus“

„Af hverju líður henni vel í Shekem?“

„Af því að við eigum marga ættingja í Nablus“

„Og af hverju yfirgafst þú oliuframleiðsluríkin til að snúa aftur til Shekem?“

„Ég er að snúa aftur til Nablus vegna þess að pabbi minn lést ...“



„Og hvað ætlar þú að gera í Shekem?“

„Ég ætla að leita að vinnu í Nablus ...“¹

Þetta samtali er dæmigert fyrir þann hluta baráttunnar milli Palestínumannanna og Ísraels sem snýst um hugtök og nöfn. Þessi tiltekna barátta er ekki málfragsbarátta um hvort eigi að nota hebreskt (Shekem) eða arabískt (Nablus) orð. Að baki liggur mjög þýðingarmikil pólitísk spurning. Hún snýst um eignarrétt og að hafa stjórn á eigin aðstöðum. Ennfremur er þetta spurning um hver hefur valdið til að taka ákvörðun um hvað hlutirnir heita eða hvaða hug-

tök séu ríkjandi í deilunni.

Þessi þáttur var til dæmis mjög áberandi fljótlega eftir að Ísrael var stofnað árið 1948. Þá skipaði forsætisráðherrann David Ben Gurion nefnd sem gegnir svipuðu hlutverki og Örnefnastofnun Íslands. Þessi nefnd skipulagði fyrstu landakort landsins og ákvað viðeigandi hebresk örnefni.² Til að mynda varð Al-Jammamah Bet Kama og Be'er al-Saba'ah að Beer Sheeva. Þessar breytingar áttu að gefa til kynna að

ákveðin eignartilfærsla hefði átt sér stað í landinu.

En baráttan snýst um meira en örnefni. Vegna þess að deilan milli Palestínumannanna og Ísraels fer líka fram í fjölmörgum heimsins er hugtakanotkunin afar miðlæg í baráttunni um hug og hjörtu almennings. Það skiptir til dæmis verulegu máli hvort tiltekinn hópur er sagður stunda „hryðjuverk“ eða „sjálfstæðisbaráttu“. Þetta nær víðar og hefur mjög ákveðnar pólitískar afleiðingar. Til aðmynda er hugtakið „hernumdu svæðin“ notað til að lýsa Gaza-svæðinu og Vesturbakkanum. Ísraelar halda því þó fram að Palestína sé ekki hernumið (occupied) svæði heldur umdeilt (dispu-



Þann 20. mars voru haldnir rokktonleikar á Grand rokk, við Smiðjustig í Reykjavík. Allur ágóði rann til neyðarsöfnunar Félagsins Ísland-Palestína og gáfu sjö hljómsveitir vinnu sína og spiluðu á tónleikunum. Þessar hljómsveitir voru: Albert, Changer, Dark Harvest, DYS, I Adapt, Innvortis, Kimono.

Þessir tónleikar voru haldnir undir formerkjum friðar, en tilviljun réð því að sama dag réðust Bandaríkjamenn inn í Írak. Mæting var allgóð, tónleikarnir fóru vel fram og áskotnaðist söfnuninni töluvert fé þetta kvöld. Félagið Ísland-



Palestína þakkar hljómsveitunum sem spiluðu þetta kvöld fyrir óeigingjarnt framlag sitt og gestum kvöldsins fyrir komuna!

hlaðan sem Jesú á að hafa fæðst í er. Ég er nú ekki trúuð, en verð að viðurkenna að þarna var trúin sem næst mér. Það var mjög sérstök tilfinning að vera þarna. Þar sem Ísraelarnir sitja um borgina voru ekki margir ferli og fáir túristar á svæðinu.

Eftir heimsókn í kirkjuna var ferð minni heitið í barnaþorp SOS í Betlehem. Þar býr Rajiha, tæplega fimm ára yndisleg stúlka sem ég og Eldar höfum styrkt í tæp 3 ár. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvað ég var spennt að hitta hana eftir að hafa séð af henni myndir og lesið um hana í bréfum. Hún var rosalega ánægð að sjá mig og sat í fanginu á mér og spjallaði alveg heilmikið við mig (á arabísku auðvitað). Ég skildi nú ekki mikið af því sem hún var að segja, en SOS „mömmurnar“ þýddu eitthvað af því sem okkur fór á milli.

Í þessu þorpi búa um 80 börn. Þarna eru nokkur hús og í hverju þeirra búa 6-9 börn ásamt einni „mömmu“. Þessar „mömmur“ eru allar menntaðar og þurfa þar að auki að búa sem „frænkur“ í tvö ár í þorpinu áður en þær geta orðið „mömmur“. Þær sjá um börnin í sínu húsi, og það er reynt að hafa þetta persónulegt. Mér fannst aðbúnaðurinn í þorpinu mjög góður og það gladdi mig að vita af Ruru (eins og Rajiha vill láta kalla sig, hún er mjög sjálfstæð) í góðum höndum. Mér var boðið að borða með börnunum, Ruru sýndi mér kort og smágjafir sem við höfum sent henni og það er greinilegt að lítið þarf til að gleðja. Hún sagði mér svo að endilega koma aftur þegar hermennirnir væru farnir frá Betlehem, mjög meðvituð um ástandið sem sagt. (...) Það er sorglegt að hugsa til þess að rétt fyrir ofan SOS þorpið liggur ólögleg landsætubýggð gyðinga, og þaðan er reglulega skotið á þorpið og aðrar byggðir Palestínumanna í grenndinni.



Þessi heimsókn var svo sannarlega einn af hápunktum dvalar minnar hérna í Palestínu. Frekari upplýsingar um starf SOS barnaþorpanna, sem eru með starfsemi um allan heim, má finna á vefsíðunni www.sos.is og ég vil hvetja ykkur sem getið séð af tvö þúsund kallí á mánuði til að kíkja á þetta (ein alltaf að markaðsetja :)

Hafið það rosalega gott!

Þriðjudagur 11. febrúar

Jæja, þá er maður komin „heim“ til Svíþjóðar...

Þetta er búin að vera löng og mikil ferð og sannkölluð lífsreynsla. Síðustu vikuna mína fór ég í heimsókn í nokkur þorp þar sem fátækt er fremur mikil. Ég var á ferð með Alberto, ítölskum vini mínum sem er trúður og heldur sýningar fyrir börn víðsvegar um Palestínu. Ég fór með honum í skóla í þessum þorpum og á meðan hann hélt sýningu fyrir yngri börnin fór ég inn í eldri

bekkina og ræddi við nemendurnar og svaraði spurningum þeirra með hjálp túlks. Alberto er alveg frábær og það er gaman að sjá hversu glöð og kát börnin urðu á sýningum hans.

(...)

En að heimkomunni. Ég var frekar stressuð á heimfarardaginn yfir „yfirheyrslunum“ sem biðu á flugvellinum. Ég kom tímanlega á völinn, beið í röð til að komast í innritun. Þá kemur ung kona og maður til mín og biðja mig um að koma með sér. Þau byrja svo spurningaflóði. ... og úps, komu dálítið mikið af lygum út úr mér...en það er nauðsynlegt við og við :) Hvar hefur þú verið, hefur þú hitt einhvern, hvenær pakkadírðu, hvar bjóstu, hvert fórstu, hvar bjóstu ... spyrja sumra spurninga aftur og aftur (...) Ég komst hins vegar í gegnum þetta og eftir millilendingu í Frankfurt komst ég loksins til Gautaborgar.

Eva Líf Einarsdóttir

Svipmyndir frá fundi FÍP í Kornhlöðunni 29. nóv. sl.

Í tilefni af alþjóðlegum samtöðudegi SP með Palestínu hélt FÍP fund í Kornhlöðunni 30. nóvember og var húsfyllir.

Fyrst lýsti Hallgerður Thorlacius ferð sinni til Palestínu í október og nóvember og sagði Vésteinn Valgarðsson því næst frá sjálfbodaferð sinni til Palestínu í júní.

Auk þess var sýnd stuttmynd eftir Ernesto Ortiz, en hann er íslensk-mexíkanskur sjálfbodaaliði sem kvikmyndaði reynslu sína í Palestínu sl. vor.

Um 50 þúsund krónur sófnuðust á fundinum fyrir neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína.



Dagbókin hennar EVU

Eva Líf Einarsdóttir starfaði sem sjálfboaliði á vegum Félagsins Íslands-Palestínu við ungmennamiðstöð Union of Palestinian Medical Relief Committies (UPMRC) í janúar og febrúar árið 2003. Alls dvaldist Eva einn mánuð í Palestínu og auk þess að starfa í Ramallah kynnti hún sér ástand mála á öðrum stöðum á Vesturbakkanum.



Varð hún m.a. vitni að einni stærstu eyðingarherferð Ísraels hers inna í þorpinu Nazlat Issa þegar hernámliðið eyddi þar yfir 60 verslunum og íbúðarhúsum. Hún tók þátt í uppbyggingarstarfi í Jenin flóttamannabúðunum og heimsótti þorpin Anin og Barta'ah þar sem þúsundir manna eru að missa lífsviðurværi sitt vegna byggingar Aðskilnaðarmúrins sem skilur þorpsbúa frá bújörðum sínum. Hér gripum við niður í tölvu-póstsendingar Evu frá Palestínu.

Miðvikudagurinn 15. janúar

Ég hef verið að vinna að ýmsum verkefnum í ungmennamiðstöð UPRMC hér í Ramallah. Í gær sat ég fund með ýmsum aðilum sem koma að rekstri ungmennamiðstöðvarinnar og hitti meðal annars Dr. Mustafa Barghouthi, forseta UPMRC og stjórnanda Health, Development, Information and Policy institute (HDIP). Síðan átti ég fund með ungmönnum sem töluðu við mig um ástandið í Ramallah og það sem þau höfðu gengið í gegnum ... og það er sko ekkert lítið! Síðan ég kom hingað til Palestínu á sunnudaginn hafa 15 Palestínumenn verið drepnir og tugir fangelsaðir.

Í dag fór ég til Kober, sem er lítið þorp fyrir utan Ramallah, og fór í gegn-

um sömu eftirlitstöðvar Ísraela og palestínskir stúdentar Birzeit háskóla þurfa að fara í gegnum til að sækja nám sitt. Er núna að vinna að enskunám-skeiðum fyrir unga palestínska sjálfboðaliða sem starfa fyrir UPRMC. Megintilgangur kennslunar er auðvelda þeim samskipti við erlenda sjálfboðaliða. Ég gisti hjá Hadeel, sem er stúdent við Birzeit háskólann og vinnur sem sjálfboðaliði fyrir UPRMC, og býr með tveimur systurum sínum og bróður.

Föstudagur 17. janúar

Það er komið miðnætti í Palestínu...

Því lengri tíma sem ég dvel hér, því meira kynnast ég fólkinu hér. Fólk sem er búið að upplifa hluti sem eru okkur svo fjarlægir ... maður hefur fylgst með atburðum í fjölmiðlum, en þegar maður er staddur hér þá finnst mér eins og ég sé virkilega farin að skilja (þó þær séu í raun óskiljanlegar) hörmungarnar sem hér eru í gangi.

Þegar ég er spurð hvernig ástandið er hérna þá verða sumir hálf hissa (sérstaklega fjölmiðlar) þegar ég segi að ástandið hér í Ramallah sé betra en annars staðar í Palestínu. Það eru ekki hermenn á skriðdrekum úti um alla borg o.s.frv. En þegar ég segi betra er ég ekki að meina að ástandið sé í lagi. Ímyndaðu þér að í kringum alla Reykjavík séu eftirlitstöðvar hermanna, að þú sem býrð í Kópavogi megir ekki fara að heimsækja ættingja þína í Reykjavík. (...) Að þegar þú ferð í háskólann þurfir þú að fara í gegnum eftirlitstöðvar þar sem byssum er beint að þér á meðan þú sýnir skilríki um hver þú ert og þú getir verið auðmyktur á allan hátt af hermönnum. (...) Að hermenn ráðist inn á heimili þar sem móðir og börn eru heima, taka níu ára gamalt barn inn á klósett, setja það ofan í baðkarið, sprauta köldu vatni yfir það og beina byssum að höfði barnsins. Þeir vilja vita hvar faðirinn er, sem barnið veit ekki. Hermennirnir segjast koma fljótlega aftur og barnið getur ekki talað eða gert klósettþarfir sínar lengi eftir atburðinn.

Það er margt, sem á beinan eða óbeinan hátt hefur komið fyrir fólki sem ég bý hjá hér í Ramallah. Þetta sjáum við kannski ekki í sjónvarpinu, en þetta er hræðilegt! Ástandið er ekki gott...ekki neins staðar í Palestínu...og það verður það ekki fyrr en að þessum mannréttindabrotum, drápum og viðbjóði linnir!

Þótt ótrúlegt sé þá getur ein venjuleg manneskja eins og ég gert mikið fyrir palestínska fólkið, það finn ég. Vö úti í heimi gefum þeim von með okkar stuðningi og hann er hægt að sýna með ýmsu móti. Ég geri mér grein fyrir því að þetta bréf er kannski dramatískt, en þetta er bara raunveruleikinn og að skrifa er það eina sem ég get núna til að létta af mér. Því sorgin náði mér í kvöld.

Frjáls Palestína!

Sunnudagur 19. janúar

Er á Internet kaffihúsi í Jenin. Ferðin hingað gekk bara vel, lögðum af stað frá Ramallah um klukkan átta í morgun, fórum á Kalandia varðstöðina og þar var lokað í hálf tíma af „ökunnum ástæðum“ og síðan tók tvo tíma að komast hingað til Jenin sem þykir mjög góður tíma þar sem fimm eftirlitstöðvar eru á leiðinni. Við sögðumst vera á leiðinni til Ameríska háskólans í Nazareth (sem er Ísraelsmegin landamæranna), fórum og hittum dr. Jamil og síðan til Anin sem liggur hér fyrir utan og er alveg upp við Aðskilnaðarmúrinn. Sáttum og töluðum við þorpsráðið og fórum þar sem þeir eru að byggja vegginn. Þetta er rosalegt!

Laugardagur 25. janúar

Halló kærur vinir!

Er nú í Nablus, nánar tiltekið í Balata flóttamannabúðunum. Hér búa um 18.000 manns í niðursprengdum húsum, hér eru þrengsli og hreinlæti ekki upp á sitt besta. Það ríkir útgöngubann, en fólk er samt á ferli ... það er búið að búa við þetta ástand svo lengi. En þegar herjepparnir og skriðdrekarnir koma inn í búðirnar hlaupa allir í skjól.

Í gær drápu hermennirnir konu um sextugt og 22 ára ungan mann, en þau voru í bíl að fara á milli þorpa hérna í kring. (...) Jæja, ætla að fara lesa og búa um mig hér á annari hæð í svokölluðu Titi-húsi. Fjölskyldan á fyrstu hæðinni heitir Titi og þar sem herinn er með húsið á lista yfir hús sem á að eyðileggja sjá International Solidarity Movement (ISM) samtökin um að fá erlenda sjálfboðaliða til að gista í húsinu. Það minnkar líkurnar á að herinn láti til skarar skrifa.

Góða nótt og njótið friðarins í kringum ykkur!

Fimmtudagur 30. janúar

Í dag átti ég mjög yndislegan dag!

Ég fór til Jerúsalem snemma í morgun og þaðan til Bethlehem. Ég byrjaði á því að fara í Fæðingarkirkjuna, sem er mjög falleg kirkja frá 5. öld, og fór niður í kjallarann þar sem upphaflega

aflétti útgöngubanninu, og þá aðeins í nokkrar klukkustundir til að fólk gæti náð í mat og aðrar ítrustu nauðsynjar. Þá fylltist miðborgin af lífi og látum. Í íbúðarhverfunum í hæðum borgarinnar, þar sem maður var vanur að sjá aðeins skriðdreka og herjeppa, blöstu nú við manni vöru- og fólksbifreiðar. Skyndilega var tágasi skotið inn á markaðsgötunarnar. Herinn hafði gefið til kynna að útgöngubann væri aftur komið á og Nablus líktist aftur einum stórum fangabúðum, en ekki blómlegri verslunar- og þjónustuborg.

Hernámsliðið reynir að viðhalda útgöngubanninu með eftirlitsferðum herflokka, vegatálmum og staðsetningu leyniskytta á háum húsum og í hæðunum kringum borgina. Þótt flestir borgarbúar séu of berskjaldaðir til að vera utandyra voru íbúar gömlu borgarinnar og Balata-flóttamannabúðanna, sem liggja við hlið Nablus, óhræddir við að brjóta útgöngubannið. Fólkíð var

vígamenn sem sýna innrásarliði í búðirnar jafnan nokkra mótspyrnu. Það kom oftast en einu sinni fyrir að maður hljóp í skjól þegar herjepparnir komu æðandi inn í götur gömlu borgar Nablus og skutu tágasi og gummikúlum á mannfjöldan. En alltaf sýndu einhver börn og ungmenni andspyrnu sína með því að kasta grjóti að hernámsliðinu og búa til vegatálma til að verjast jeppunum, og skriðdrekkum við stærri götur. Herinn svarar slíku andófi jafnan með skothrið, sem kostaði nokkur mannlíf meðan ég var í borginni.

Sjálfbóðaliðastarf

Íbúar Nablus reyna, þrátt fyrir hernám og útgöngubann, að halda sem flestum þáttum eðlilegs lífs gangandi. Fyrir þeim er það ekki bara nauðsynlegt til að viðhalda mannsæmandi lífi, heldur líka eitt helsta vopnið í andspyrnunni gegn hernámsliðinu. Þegar ég var í Nablus var nýhafði átak meðal borgarbúa til að

nýju, framhjá skriðdrekkum vegatálmum hersins, í trássi við útgöngubannið. Reynt var með ýmsum leiðum að koma í veg fyrir að börnin sýndu andúð á hernámsliðinu með grjótkasti. Þeirra barátta yrði að komast í og úr skólanum. Þeir sem skipulögðu átakið bundu vörnir við að liðsmenn hernámsliðsins gætu sýnt sýnar mannlegu hliðar og veigrað sér við að skjóta börn á leið í skólann. Raunin varð hins vegar sú að skotárásir á skólabörnin og lokanir á vegum sem þeim voru nauðsynlegir til að komast í skólann voru daglegt brauð. Eitt helsta verkefni okkar erlendu sjálfbóðaliðanna var að fylgja börnunum í og úr skólanum. Með nærveru okkar voru minni líkur á að skotið yrði á þau og einnig gátum við stuðlað að því að hermennirnir hleyptu börnunum í gegnum vegatálmana.

Því miður var mikill skortur á erlendum sjálfbóðaliðum í Nablus á meðan ég var þar. Margir höfðu farið til þorpanna í kringum borgina, sem hafði mátt þola stanslausar árásir og skemmdarvek af hendi landsetumanna. Þótt ég hafi aðeins verið níu daga í borginni tók ég þátt í margs konar verkefnum með á bilinu sex til átta öðrum sjálfbóðaliðum frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Svíþjóð og Japan. Auk þess að fylgja börnum í og úr skólan skrjóðum við niður mannréttindabrot og húsaeyðileggingar af völdum hersins og reyndum að fá upplýsingar um afdrif manna sem herinn hafði handtekið án þess að gefa fjölskyldu þeirra upplýsingar um sakargiftir eða hvar þeir væru í haldi. Vö gerðum okkar besta til að vera sjáanleg þegar herinn lét til skarar skriða gegn grunuðum hryðjuverkamönnum í von um að koma í veg fyrir að óbreyttum



hreinlega komið með nóg af innlokuninni. Einn verslunareigandi í gömlu borginni, sem ég keypti reglulega morgunmat af, sagði að honum þætti betra að að taka áhættuna og vera nokkra tíma úti við á hverjum degi, en að lifa í fangelsi. Áhættan er hins vegar mikil og nánast daglega bærast fréttir af fólki, þar með talið konum og börnum, sem hafði verið sært eða drepíð í skotárásum fyrir það eitt að brjóta útgöngubannið.

Þar sem stræti gömlu borgarinnar og Balata eru þröng á hernámsliðið erfiðara um vik við að halda fólkinu þar í skefjum. Þar verður að beita skyndiárás-um, þá oft án hjálpar skriðdreka, til að þröngva útgöngubanni á hverfin og flóttamannabúðirnar. Í Balata eru enn virkir vopnaðir andspyrnuhópar og

opna aftur barnaskóla borgarinnar. Sömu viku og átakið fór í gang hafði UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, ásakað Ísraela um að neita heilli kynslóð palestínskra barna um rétt þeirra til menntunar. Menntun er augljóslega mikilvæg fyrir palestínsku þjóðina, sem hefur mátt þola lokanir á menntastofnunum af hendi hernámsliðsins heilu skólaárin frá því fyrri Intifada uppreisn þeirra braust út. Þegar Ísraelsmenn lokuðu barnaskólunum enn einu sinni í apríl 2002 voru kennslustofur settar upp í íbúðarhúsum og moskum. Þegar í ljós kom að skólunum yrði haldið lokuðum til lengri tíma var ljóst að kenningu án menntaðra kennara gæti haft alvarleg áhrif á framtíðarmöguleika þúsunda skólabarna.

Börnin héldu því til skóla sinna að

borgurum yrði gert mein og heimsóttum nokkur af þeim húsum sem herinn hafði tekið undir bækiðstöðvar sínar og hélt einni, eða fleiri fjölskyldum sem þar bjuggu, innilokuðum í einu af herbergjum hússins.

Á nóttunni skiptum við okkur niður á þau íbúðarhús sem herinn hafði í hyggju að eyðileggja. Ég svaf því nokkrar nætur heima hjá tveim fjölskyldum í Balata-flóttamannabúðunum. Auk þess heimsótti ég Askar flóttamannabúðirnar, An-Najah háskólann, sem var lokður mestallan tíman sem ég var í Nablus, og merkileg samtök sem kallast Arab Women Union Society sem stofnuð voru árið 1929 og reka m.a. sjúkrahús, munaðarleysingjahæli og starfsemi fyrir blinda.

Framhald á næstu síðu

Fangabúðirnar Nablus

Það var í nóvember 2002 sem ég lét loks verða af því að heimsækja Palestínu. Þrátt fyrir að hafa lengi verið virkur í stuðningi við mannréttindabaráttu Palestínumanna og lesið mér mikið til um ástandið á svæðinu var ekkert sem gat undirbúið mig undir það sem ég átti eftir að upplifa þá daga sem ég dvaldi á Vesturbakkanum. Hér hrikalega óréttlæti sem þar viðgengst í skugga ísraelsks hernáms er nánast ólýsanlegt. Að sjá fólkið halda reisn sinni, reyna halda skólastarfi gangandi fyrir börn sín og viðhalda sem flestum þáttum af sínu eðlilega lífi andspænis einni öflugustu hernáðarmaskínu heims er nokkuð sem ég mun aldrei gleyma.



Eldar
Ástþórs-
son
skrifar

Ólíkt mörgum öðrum sjálfboðaliðum sem farið hafa á vegum Félagsins Ísland-Palestína til hernumdu svæðanna starfaði ég hvorki fyrir Union of Palestinian Medical Relief Committees (UP-RMC) né tók þátt í verkefnum Grassroot International for the Protection of the Palestinian People (GIPP). Ég hafði verið í sambandi við An-Najah háskólann í Nablus í nokkra mánuði áður en ég lagði af stað og ákvað að taka þátt í Zajel-sjálfboðaliðaverkefni skólans. Zajel þýðir bréfdúfa á arabísku og á nafnið að tákna að þátttakendur verkefnisins miðli skilaboðum um frið og samstöðu með Palestínumönnum til heimsbyggðarinnar. Þar sem háskólinn var hins vegar að mestu lokaður vegna útgöngubanns þá daga sem ég var í Nablus, og ekkert fjölþjóðlegt Zajel-sjálfboliðaaðtak í gangi eins og verið hafði mánuðina á undan, starfaði ég mest með samtökunum International Solidarity Movement (ISM). Einnig kynnti ég mér starfsemi UPRMC í bæði Nablus og Ramallah.

Í Jerúsalem

Fyrsti viðkomustaður minn í Palestínu var sá sami og hjá mörgum öðrum íslenskum sjálfboðaliðum; gistiheimilið Augusta Victoria Hospital á Ólifufjallinu (Mount of Olives) í austurhluta Jerúsalem. Eftir grannskoðun og yfirheyrslur á Tel Aviv-flugvelli, rútuferð til vesturhluta Jerúsalem og mikla leit eftir arabískum leigubíl sem gæti ekið mér til austurhlutans (ísrælskir leigubílstjórar af gyðingatrú aka sjaldan inn í palestínska hluta borgarinnar) komst ég loks inn um hliðið á Augusta Victoria. Það var komið kvöld. Preyttur og hálf-ringlaður eftir atburði dagsins var ég ekki alveg viss um hvort ég ætti að fara eftir ráðleggingunum sem ég hafði fengið og fara niður á Faisal-Hostelið við Damaskus-hliðið í gömlu borginni. Þar átti ég að geta fengið fá upplýsingar frá sjálfboðaliðunum sem þar gistu um hvort og

Frásögn sjálfboðaliða í Palestínu

hvornig hægt væri að komast til Nablus næsta dag.

Þar sem ég ætlaði aðeins að vera 12 daga í Palestínu mátti ég hins vegar engan tíma missa. Vegna vegatálma Ísraelsmanna sem skera á allar samgönguaeðar Vesturbakkans gæti ferðalag sem aðeins átti að taka klukkutíma tekið heilan sólahring. Ég yrði að leggja af stað snemma næsta morgun. Það var því einstaklega óvænt tilviljun að hitta á Hallgerði Thorlacius, sem þá hafði verið í meira en þrjár vikur í Palestínu, eftir að hafa staðið við hliðið í aðeins örfáar mínútur.

Hallgerður var að koma frá Hebron og hafði í sjálfboðastarfi sínu ferðast um allan Vesturbakkann. Yfir rötsterku arabísku kaffi í spítalagarðinum setti hún mig inn í ástandið, lét mig fá nöfn og símanúmer og gaf mér alls kyns ráðleggingar. Hvernig best væri að koma sér til Nablus eins og ástandið var þessa daganna, hvað best væri að segja við hermennina við vegatálmana, hvernig best væri að haga sér yfir Ramadan hátíðina (ég hafði ekkert hugsað út í að þá daga sem ég yrði í Palestínu stæði yfir föstumánuður múslima) o.s.frv. Strax næsta morgun hélt ég til Nablus og Hallgerður til Gaza, þar sem hún ætlaði að verja sínum síðustu dögum í Palestínu. Síðar komst ég hins vegar að því að hún framlengdi dvöl sína um hálfan mánuð og hélt að nýju inn á Vesturbakkann.

Haldið til Nablus

Frá Jerúsalem fór ég til varðstöðvarinnar Qalandia, sem aðskilur borgina frá Ramallah og dregur nafn sitt af flóttamannabúðum sem standa á svæðinu. Um er að ræða einn fjölfarnasta vegatálma Palestínu og eftir að hafa þokast áfram í bílaröðinni kvaddi ég félagi Hallgerðar sem gaf mér far og hélt áleiðis til Nablus með leigubíl. Þar sem leigubílstjórinn bjó í Austur-Jerúsalem (sem hefur formlega verið innlimuð í Ísrael, ólíkt öðrum svæðum Vesturbakkans eða Gaza) hafði hann ísraelskar númeraplötur og gat ekið um bestu og greiðförmustu vegi Vesturbakkans. Þessir vegir eru opnir fyrir landtökumönnum, hermönnum og öðrum ísraelskum ríkisborgurum, en lokaðir Palestínumönnum. Ferðalagið var vandræðalaust og tók aðeins rúma klukkustund. Leigubílstjórinn ók hins vegar ekki inn um Hu-

warra vegatálmann fyrir utan Nablus. Sem arabi var engin möguleiki á að hermennirnir hleyptu honum inn. Útlendingurinn ég, í þeim skálduðu erindagjörðum að kíkja á sögufræga staði en auðvitað ekki að hjálpa íbúum borgarinnar, átti hins vegar ekki í neinum vandræðum með að komast inn í Nablus.

Þrátt fyrir að Nablus sé næst-fjölmennasta borg Palestínu (Austur-Jerúsalem er talin fjölmennasta) finnst hún hvergi á ísraelskum landakortum. Með því að líta á ísraelsk landakort, sem samkvæmt ísraelskri löggjöf mega ekki sýna landamæri Vesturbakkans og Gaza (grænu línuna), komst ég að því að Ísraelar vilja kalla heimaborg um 180.000 Palestínumanna Shekem, sem samkvæmt Biblíunni var um 2 km norður af núverandi Nablus. Á meðan Shekem, sem samanstendur í dag af fornum rústum og ólivutrájum, var stofnuð fjögur þúsund fyrir krist er Nablus „aðeins“ tvö þúsund ára gömul.

Nablus hefur lengi verið öflug miðstöð palestínskrar andspyrnu gegn erlendum yfirráðum. Íbúar borgarinnar voru í fararbroddi gegn nýlendustjórn Breta í Palestínu og í baráttunni gegn innflytjendastraumi gyðinga sem höfðu í hyggju að stofna sérriki í landinu. Árið 1936 var þar stofnuð fyrsta palestínska Þjóðarnefndin (National Committee), en hún var skömmu síðar sett upp í öðrum borgum landsins til að stjórna verkföllum og mótmælum gegn nýlendustjórninni. Jórdanir, sem stjórnðu Vesturbakkanum 1948–67, höfðu aldrei fulla stjórn í Nablus og þegar landsvæðið féll í hendur Ísraelum skipulagði Yassir Arafat starfsemi uppreisnarhópa í gömlu borginni. Stúdentar í Al-Najah National University, sem og aðrir íbúar borgarinnar, voru margir hverjir leiðandi afl í fyrri Intifada-uppreisn Palestínumanna sem stóð yfir 1987–1993. Í dag er borgin umkringd landsetubýggðum gyðinga og varðstöðvum ísraelska hersins.

Innrásir og útgöngubönn

Þegar ég kom til Nablus höfðu íbúar borgarinnar mátt þola fimm innrásir síðustu átta mánuði. Innrásirnar skildu eftir sig skelfingu, eyðileggingu og mikið manntjón meðal óbreyttra borgara. Ofan á það höfðu Nablusbúar mátt þola nánast stöðugt útgöngubann í 156 daga daginn sem ég kom til borgarinnar, 23. nóvember 2002. Í yfir fimm mánuði höfðu borgarbúar neyðst til að vera innilokaðir á heimilum sínum og ekki getað sótt vinnu, skóla eða heimsótt vini og vandamenn. Ég man raunar aðeins eftir einum degi þar sem hersetuliðið

Neyðarsöfnun til Palestínu



Þorvaldur
Örn
Árnason
skrifar

Neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestínu hófst fljótlega eftir að síðari uppreisn Palestínumanna gegn hernáminu hófst, eða í nóvember árið 2000. Um síðustu áramót höfðu safnast tæplega 3,4 milljónir króna og þegar þetta er skrifað um miðjan september er upphæðin rúmlega 4,1 milljón krónur. Aðallega er um að ræða frjáls framlög einstaklinga inn á bankareikning eða í merkt söfnunarlát. Mikið safnaðist á fjöldafundum og á listahátíð sem Félagið Ísland-Palestína gekkst fyrir í samvinnu við listamenn, félagasamtök launafólks, Barnaheill og stjórnmalaflokka aðra en Sjálfstæðisflokkinn. Fjöl margar gjafir í minningu Jóns Múla Árnasonar námu samanlagt hátt á þriðja hundrað þúsund krónum og einstaklingar hafa gefið allt upp í 100.000 kr. Flest framlögin eru þó lág og sann-

ast þar að margt smátt gerir eitt stórt.

Meirihluta söfnunarfrjárins hefur verið varið til að styrkja Læknishjálparnefndirnar (UPMRC) sem eru palestínsk grasrótahreyfing undir forystu læknisins Mustafa Barghouti, sem er Íslendingum að góðu kunnur. Einnig hafa tvö sjúkrahús, geðhjálparkerfni fyrir börn og nú síðast stofnun blindrabókasafns verið styrkt myndarlega.

Síðast en ekki síst hafa 13 sjálfboðaliðar fengið ferðastyrk til að dvelja og veita hjálp á átaksvæðum í 1-4 vikur hver. Sjálfboðaliðar hafa með nærveru sinni freistað þess að bjarga mannlífum og hindra limlestingar og að hús saklausra borgara væru jöfnuð við jörðu.

Neyðarsöfnunin er alfarið rekin í sjálfboðavinnu. Kostnaður við hana er nánast enginn og fullvíst að hver króna kemst í réttar hendur.

Ríkisstjórn Íslands, Rauði krossinn og Þjóðkirkjan veittu Palestínumönnum stuðning fyrir u.þ.b. ári síðan en hafa síðan haldið að sér höndum þar til í sumar að heilbrigðisráðherra veitti hálf- milljón króna styrk til að fjármagna hreyfanlega heilsugæslustöð á vegum Læknishjálparnefndanna.

Neyðarsöfnunin til Palestínu heldur áfram. Ég hvet lesendur þessa blaðs eindregið til að taka þátt í henni og leggja svo sem 5000 kr. inn á reikninginn 542-26-6990, kt. 520188-1349. Þeir sem njóta greiðsluþjónustu banka geta látið leggja vissa upphæð inn á reikninginn mánaðarlega.

Þorvaldur Örn Árnason,
gjaldkeri Félagsins Ísland-
Palestína.

Daglegt líf í Palestínu

Ótti, útgöngubann, handtökur, pyntingar, rafmagnsleysi, vatnsleysi, atvinnuleysi, matarskortur, þunglyndi. Skólar eru lokaðir, hús eru sprengd upp, klóakleifslur eru eyðilagðar og svo má lengi telja. Allt félagslíf og samgöngur liggja meira og minna niðri. Efnahagur í Palestínu hefur rénað og mikið er farið að bera á fátækt. Að búa við slíkar aðstæður verður ekki lýst með orðum og er hreint og beint óþolandi. Saklaust fólk getur átt von á því á hverjum degi og hverri nóttu að hurðum sé sparkað upp og það handtekið og haldið fangelsuðu án dóms og laga. Flestir ásakaðir um hryðjuverkastarfsemi.

Yustri frændi minn, föðurbróðir hans þabba, var handtekinn 4. janúar 2003 – tekinn á brott að næturlagi ásamt tveimur sonum sínum. Fyrir eru aðrir

tveir yngri synir hans í fangelsi, 16 og 18 ára. Þeir, eins og flestir aðrir, eru sakadír um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi. Rétt átti yfir Yustri frænda 5. maí síðastliðinn, en því var frestað fram í júní, án nokkurrar ástæðu. Hvenær verður svo réttáð yfir honum er í höndum Ísraela. Búið er að sleppa tveimur sonum hans sem voru fyrir í fangelsi og voru þeir þá búnir að vera í haldi í ½ ár – og þá var Rabbía, síðasti sonurinn, handtekinn. Í kjölfarið á handtöku Yustri og sona var hús þeirra sprengt upp 6. janúar 2003. Muckaram kona hans, dóttir og synir sem eru ekki í haldi búa nú í einu herbergi hjá frændfólki mínu.

Sökum útgöngubanns gengur fólk illa að sækja vinnu, og skólalald hefur nánast legið niðri, fólk getur reynt erfitt að sækja sér vatn í brunna þótt þeir séu upp við hús þeirra af ótta við að skotið sé að því þegar að útgöngubann er á – og það hefur verið meira og minna, stundum í nokkra tíma og stundum heilu dagana. Fólk á mjög erfitt með að leita sér læknisaðstoðar og fá lyf. Konur þurfa oft að ala börn sín við slæmar aðstæður heima fyrir og hefur í kjölfarið borið meira á barnadauða. Geðheilsa fólks er í mikilli hættu.

Hilda Allansdóttir Shwaiki



Munið glæsilega og
efnismikla heimasíðu
Félagsins Ísland-
Palestína

www.palestina.is

Skellið ykkur á netið
og skoðið

Haldið til Ramallah

Ég ákvað að eyða síðustu tveimur dögum mínum í Palestínu í Ramallah. Þrátt fyrir að íbúar Nablus séu innlok- aðir í heimborg sinni gat ég sem út- lendingur komist gegnum vegatálma hersins á leið út úr borginni án teljandi vandræða. En þar sem ég og breskur ferðafélagi minn sem einnig hafði starf- að sem sjálfbóðaliði ferðuðumst með pal- estínskum leigubílstjórum þurftum við nokkrum sinnum að skipta um bíl og aka torfærar krókaleiðir. Síðdegis kom- um við til Ramallah. Ástandið í borginni var allt annað en í Nablus. Engir skrið- drekar á götum, engar sprengingjar eða skóthríðir og ekkert útgöngubann!

Ég heimsótti aðalmiðstöð UPRMC í borginni og var virkilega vel tekið. Hérna eru Íslendingar greinilega vin- sælir. Daginn eftir hélt ég með færan- legri heilsugæslustöð (mobile clinic) samtakanna til þorpanna í kringum Ramallah. Sum þeirra liggja alveg upp við landsetubýggðir Ísraels og misskipt- ing lífsgæða milli Palestínumanna og landsetuliðsins er sláandi. Á meðan landsetumennirnir, sem búa þarna þvert á samþykktir S.þ. og alþjóðalög á borð við Genfarsáttmálann (sem Ísra- elar hafa skrifað undir), hafa ísraelskan ríkisborgararétt, gnægð af vatni og geta ferðast óáreitir, lifa Palestínumenn innilokaðir og réttindalausir í eigin heimalandi.

Frá Ramallah hélt ég síðan í gengum Jerúsalem til Tel Aviv. Áður en ég fór inn í flugstöðina fór ég vel yfir allan

farangur minn. Var eitthvað í honum sem öryggisverðir flugvallarins gætu tengt við dvöl mína á Vesturbakkanum? Ég hafði þurkað öll símanúmer úr far- simanum og sent myndir og bæklinga með pósti frá Jerúsalem. Öryggisverð- irnir fóru gaumgæfilega gegnum allan farangurinn en fundu ekki neitt. Örygg- iskoðunin tók því „aðeins“ um tvær klukkustundir.

Á leiðinni heim ákvað ég að fara sem fyrst aftur til Palestínu, og við þá ákvörð- un ætla ég að standa. Ég get staðfest af eigin reynslu að sjálfbóðaliðar geta gert heimikið gang við að auðvelda Palestínu- mönnum lífið undir grimmilega her- námi Ísraels, sem í nú hefur staðið í heil 36 ár. Þessu hernámi verður hins vegar að linna strax ... og við verðum öll að sameinast í baráttunni gegn því! Lifi frjáls Palestína!!

The Union of Palestinian Medical Relief Committees (UPMRC)

Samtökin voru stofnuð árið 1979 af pal- estínskum læknum til að efla heilsu- gæslu á herteknum svæðunum. Þau eru óháð yfirvöldum og ekki rekin í gróðaskyni. Hafa fengið margar alþjóð- legar viðurkenningar fyrir störf sín í hertekinni Palestínu, m.a. frá Alþjóða- heilbrigðisstofnun S.þ.

Vefsíða: www.upmrc.org

The International Solidarity Movement (ISM)

Alþjóðleg grasrótarsamtök sem hafa það markmið að vekja fólk til umhugs- unar um frelsisbaráttu Palestínumanna og berjast gegn ísraelsku hernámi með friðsamlegum aðgerðum. ISM vinna að því að fá fólk víða að úr veröldinni til að heimsækja herteknu svæðin og starfa með palestínskum sjálfbóðaliðum.

Vefsíða: www.palsolidarity.org

Grassroot International for the Protection of the Palestinian People (GIPP)

Regnhlífasamtök ýmissa félagsam- taka sem vinna að því að fá erlenda sjálfbóðaliða til starfa í Palestínu. Hafa starfað mikið með UPRMC og standa fyrir ýmsum námskeiðum og hjálpar- átökum til verndar palestínsku þjóðinni.

Vefsíða: www.pngo.net/GIPP

An-Najah National University / Zajel Youth Exchange Program

Einn stærsti háskólinn á Vesturbakkan- um. Rekur sögu sína sem mennta- stofnun allt aftur til ársins 1918, en varð að háskóla 1971. Þar eru um tíu þúsund nemendur.

Vefsíða: www.najah.edu (veljið „Youth Exchange“ á forsiðunni til að fá upplýsingar um Zajel verkefnið)

Hvað get ég gert

til að styðja sjálfstæðis- og mannréttindabaráttu Palestínumanna?

- Lesa mér til á www.palestina.is og víðar
- Ræða málið við vini, fjölskyldu og vinnufélaga
- Skrifa pistla í blöð eða hringja í útvarpsstöðvar
- Sniðganga ísraelskar vörur í verslunum
- Hundsa tengsl við Ísraelsríki en efla tengsl við Palestínumenn
- Ganga í Félagið Ísland-Palestína
- Koma hugmyndum til stjórnar félagsins og taka þátt í starfi félagsins
- Ganga í bol og/eða með merki með áletruninni Frjáls Palestína
- Gefa í neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína
- Safna fé í neyðarsöfnun og/eða selja merki og boli
- Halda fundi, tónleika, ljóðakvöld eða matarboð og safna fé um leið
- Gerast sjálfbóðaliði og dvelja í Palestínu í 1–3 vikur

Félagið Ísland-Palestína

Glaðheimum 8, 104 Rv.

www.palestina.is – palestina@palestina.is

Bankareikn. 542 26 6990, kt. 520188-1349

ákvað að binda enda á hernám Breta á Írlandi, var haft eftir honum að maður kæmist ekki yfir hyldýpi í tveimur stökkum. Upphafsmenn Vegvísisins leggja í raun til að farið verði yfir Ísraels- og-Palestínu hyldýpið í mörgum litlum stökkum.

Fyrsta spurningin er: hver er þessi „Kvartett“ sem þarf að skera úr um hvort málsaðilar hafi uppfyllt skyldur sínar á tilteknu þrepi, svo að hefja megi nýjan áfanga?

Við fyrstu sýn er jafnvægi milli þáttakendanna fjögurra: Sameinuðu þjóðanna, Bandaríkjanna, Evrópu og Rússlands. Þetta er svoltið eins og sáttamiðlun í viðskiptum: Hvor hlið útnefnir einn samningamann, og tveir samningamenn velja í sameiningu þann þriðja. Komist er að niðurstöðu með meirihlutaákvörðun sem er bindandi fyrir báða aðila.

Þetta gæti virkað. Bandaríkin eru nánin Ísrael, Evrópa og Rússland eru ásættanleg fyrir Palestínumenn. Sameinuðu þjóðirnar hafa oddaákvæði.

En svo er ekki. Samkvæmt skjalinu á Kvartettinn að taka allar ákvarðanir einróma. Bandaríkjamenn hafa neitunarvald, sem þýðir að Sharon hefur neitunarvald. Án hans samþykkis er ekki hægt að ákveða neitt. Þarf að segja meira?

Önnur spurning: Hvenær mun þetta taka enda?

Gott og vel, það er enginn fastákvæðaður tímapunktur sem ákvarðar færsluna frá einum áfanga til þess næsta. Skjalið nefnir

óljóst nokkrar óljósar dagsetningar, en það er erfitt að taka þær alvarlega. Fyrsti áfanginn gæti hafa byrjað í október 2002 og endað í maí 2003. Í raunheiminum verður Vísirinn sýndur Ísraelum og Palestínumönnum í fyrsta skipti í maí og aðeins þá getur samningaharkið byrjað. Enginn getur séð fyrir hvenær framkvæmd fyrsta áfanga hefist. Og í millitíðinni ...

Við ættum að muna þetta: Fjölmargar dagsetningar í Oslóarsamkomulaginu voru niðurnegldar, en lítið var fram hjá nánast öllum þeirra (yfirleitt af hálfu Ísraels). Eins og hinn góði Rabín sagði: „Það eru engar heilagar dagsetningar.“

Þriðja spurningin er: Er einhvers konar jafnvægi milli skuldbindinga aðilanna tveggja? Svarið verður að vera „nei“.

Í fyrsta áfanga eiga Palestínumenn að binda enda á hina vopnuðu Intifada-uppreisn, koma á fót náinni öryggis-samvinnu við Ísraela og viðurkenna tilverurétt Ísraels í friði og öryggi. Þeir

eiga líka að útnefna „valdaðan“ forsætisráðherra (sem þýðir í raun að hin kjörni forseti, Yasser Arafat, verði settur til hliðar) og byrja að gera uppkast að stjórnarskrá sem þarfnast samþykkis Kvartettsins. Hvað á Ísrael að gera á meðan? Það á að heimila palestínskum embættismönnum (takið eftir: þetta á ekki við um allan almenning) að komast á milli staða, bæta lífskilyrði fólks, láta af árásum á óbreytta borgara, hætta eyðileggingu húsa og greiða Palestínumönnum það fé sem þeim er skylt. Það mun einnig leysa upp „jaðarlandnámsbyggðir“ sem hafa verið reistar í trássi við áætlanir ríkisstjórnarinnar síðan Sharon komst til valda. Hver mun ákveða hvern þetta á við um? Í þessum áfanga er heldur ekkert minnst á að stöðva uppbyggingu landtökubbyggða.

Trúir því einhver að Abu Mazen forsætisráðherra geti bundið enda á árásir Hamas og Jihad án nokkurra

geitina út aftur. Skyndilega finnst þeim eins og þau hafi mikið pláss. Í þessu tilfalli er Ísraelsher sagt að fjarlægja geitina, en Palestínumönnum er sagt að fjarlægja þabbann og mömmuna.)

Eftir þetta allt saman getur næsti áfangi hafist: Palestínumenn munu taka upp stjórnarskrána sína og efna til frjálsra kosninga, Egyptar og Jórdanar munu flytja sendiherra sína aftur til Ísraels og Ísraelsstjórn mun, loksins, binda enda á uppbyggingu landnemabyggða.

Næsti áfangi mun snúa að „mögulegri“ stofnun sjálfstæðs palestínsks ríkis með „bráðabirgða“-landamærum. Þannig að löngu eftir að allar árásir hafa verið stöðvaðar, verður „möguleiki“ á því að stofna Palestínuríki á svæði A, agnarlitlum hluta þess sem áður var Palestína. Samkvæmt Vegvísinum ætti þetta að gerast við lok árs 2003, en það er ljóst að þetta mun ekki gerast, ef það gerist þá nokkurn tíma, fyrr en miklu seinna. Það er einnig tekið fram að „frekari tók á landnámi“ verði hluti af ferlinu. Hvað þýðir það? Að ekki ein einasta landtökubbyggð verður leyst upp, ekki einu sinni sú fjarlægasta og einangraðasta.

Eftir að allt þetta hefur gerst, mun Kvartettinn ákveða (aftur: einróma – aðeins með samþykki Bandaríkjamanna) að tími sé kominn fyrir samningaviðræður sem miða eigi að „sátt um endanlega niðurstöðu“, vonandi árið 2005, sem felur í sér viðræður um fyrirbæri á borð við landamæri, Jerúsalem,

flóttamenn og landtökubbyggðir. Ef Sharon eða eftirmaður hans vill það, þá verður sátt. Ef ekki, þá ekki.

Sannleikurinn er sá að í þessu skjali er ekki eitt orð sem Sharon getur ekki sætt sig við. Hann getur, þrátt fyrir allt, eyðilaggt hvern áfanga fyrir sig með aðstoð Bush hvenær sem er.

Í stuttu máli: Ys og þys útaf engu. Sem sést best á þeirri staðreynd að hvorki Sharon né landnemarnir eru í uppnámi.

(Af vef Gush Shalom [www.gush-shalom.org] 5. apríl 2003)

Þýðing: Viðar Þorsteinsson




pólitískra hrossakaupa, og á meðan landtökubbyggðunum fjölga?

Að þessum áfanga loknum eiga Palestínumenn að standa fyrir umbótum á stofnunum sínum, búa til stjórnarskrá „byggða á sterku þingræðislegu lýðræði“ (þeim verður ekki leyft að hafa bandarískt forsetakerfi, af ötta við að Arafat haldi einhverjum völdum). Aðeins þá, þegar „stórtækri öryggisframmistöðu miðar áfram“, mun Ísraelsher „draga sig skref fyrir skref til baka frá svæðum herteknum síðan 18. september 2000“. Ekki þegar í stað, ekki í einu lagi, heldur smátt og smátt, „skref fyrir skref“. Ekki frá svæðum B og C, heldur aðeins frá svæði A. Þeir verða þar sem þeir voru áður en þessi Intifada hófst.

(Það er til gamall gyðingabrandari um fjölskyldu sem kvartar undan því að búa saman í einu þröngu herbergi. Rabbininn ráðleggur þeim að fá sér geit í herbergið. Seinna, þegar fjölskyldan kvartar fyrir því að lífið sé orðið óbærilegt, segir rabbininn þeim að fara með

Vegvísir til einiskis

Eða: Ys og þys útaf engu



Eftir
Uri
Avnery

Þetta hefði getað verið mjög mikilvægt skjal, ef allir aðilar hefðu raunverulega viljað komast að sanngjarnri málamiðlun. ef Sharon og félagar væru raunverulega reiðubúnir til að skila hernumdu svæðunum og leysa upp landtökubyggðirnar. ef Bandaríkjamenn væru reiðubúnir til að sauma ærlega að Ísraelum. ef það væri forseti í Washington á borð við Dwight Eisenhower, sem gæfi skít og kanil fyrir atkvæði og kosningasjóðsframlög Gyðinga. ef George Bush væri sannfærður um að Vegvísirinn þjónaði hagsmunum sínum, en væri ekki bein til að henda í breska kjölturakkann. ef Tony Blair héldi að Vegvísirinn þjónaði hagsmunum sínum, en væri ekki brauðmoli til að henda í keppinauta sína heima fyrir. ef Sameinuðu þjóðirnar hefðu einhver raunveruleg völd. ef Evrópa hefði alvöru völd. ef Rússland hefði alvöru völd. ef amma mín ætti kagga.

Öll þessi EF eru af ímynduðum heimi. Þess vegna er tóm tal að ræða þetta plagg. Fóstrið er þegar dauft í kviði móður sinnar, Kvartettsins.

Þrátt fyrir þetta skulum við taka á málinu af þeirri alvöru sem því ber. Er þetta gott skjal? Gæti það verið gagnlegt, ef öll EF in væru raunhæf?

Til þess að svara þessu í alvöru

verðum við að skilja á milli yfirlýstu markmiðanna og vegarins sem á að leiða til þeirra.

Markmiðin eru mjög jákvæð. Þetta eru sömu markmið og ísraelska friðarhreyfingin hefur: endalok hernámsins, stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis við hlið Ísraelsríkis, friður af hálfu Ísraels gagnvart Palestínu og Sýrlandi og aðlögun Ísraels á svæðinu.

Í þessu tilliti gengur Vegvísirinn lengra en Oslóarsamkomulagið. („Yfirlýsingunni um meginreglur“ (Declaration of Principles) frá Osló var rísa-



stórt gat: Það vantaði skýringar á því hvað koma skyldi á eftir hinum löngu áfangatímabilum. Án skýrs lokatakmarks höfðu áfangatímabilin engan skýran tilgang. Þess vegna dó Oslóarferlið með Yitzhaq Rabin.

Vegvísirinn staðfestir að nú er fyrir hendi alþjóðleg sátt um þessi markmið. Sú staðreynd stendur óhögguð þó svo að ekkert komi út úr Vegvísinum. Þau

okkar sem muna að aðeins eru 35 ár síðan að örfáar manneskjur í heiminum trúðu á þennan draum geta glaðst yfir þessum Vegvísi. Hann sýnir að við höfum sigrað í stríðinu um almenningsálit heimsins.

En við skulum ekki ýkja: Það er líka öskrandi gap í þessu skjali þegar kemur að skilgreiningu markmiða. Hann segir ekki hver landamæri Palestínuríkis skuli vera, hvorki beint né óbeint. Græna línan er ekki einu sinni nefnd á nafn. Það eitt nægir til að ógilda allt hvaríð. Ariel Sharon talar um Palestínuríki á 40 prósentum „svæðanna“ – jafngildi minna en 9 prósentu af Palestínu þegar hún var verndarsvæði Breta. Hver heldur að þetta muni færa frið?

Þegar við förum úr ljóði í prósa, af fjallstoppum markmiðanna niður á veginn sem á að leiða okkur þangað, verða viðvörunarmerkin tíðari og tíðari. Þetta er stórhættulegur vegur með mörgum beygjum og hindrunum. Jafnvel hraustasti ípróttamaður mundi veigra sér við að ganga hann. Veginum er skipt í áfanga. Á hverjum áfanga þurfa málsaðilar að uppfylla ákveðin skilyrði. Við enda hvers áfanga verður Kvartettinn að ákveða hvort skilyrðunum hafi verið fullnæggt, áður en haldið er á næsta áfanga. Að lokum munum við ná hinum langþráða friði, ef Guð lofar.

Jafnvel þótt allir aðilar væru fullir góðvilja, myndi þetta verða gríðarlega erfitt. Þegar David Lloyd-George, þáverandi forsætisráðherra Bretlands,

Um félagsgjald til FÍP

Félagsgjaldið var á síðasta ári hækkað í 1.800 kr. á mánuði. Sumir greiða meira, sem er hið besta mál. Öllu verra er að nokkrir hafa enn ekki greitt félagsgjald síðasta árs. Þeir sem skulduðu 3 ár eða meira hafa nú verið felldir út af félagaskrá.

Fjórar leiðir eru til að greiða gjaldið:

1. *Að borga beint til gjaldkera* þar sem til hans næst, á fundum eða samkomum - ódýr og einföld leið fyrir þá sem mæta.
2. *Að greiða í banka* (t.d. á netinu) beint inn á reikning félagsins, kt. 520188-1349, banki 542, hb 26, nr.6990.
3. *Ef þú átt kreditkort* hjá Visa eða Euro (Mastercard) getur þú gefið gjaldkera upp kortnúmer þitt, gerð korts og gjaldistíma og gjaldið verður innheimt hjá þér, 1800 kr. árlega eða 150 kr. mánaðarlega án nokkurrar fyrirhafnar. Nokkuð

er um að hjón greiði af sama korti kr. 300 á mánuði, jafnvel meira.

4. *Að félagið sendi út giróseðil* um mitt ár sem þú greiðir í banka eða pósthúsi – leið sem er nokkuð dýr fyrir félagið en mikið notuð. Giróseðlar verða bara sendir þeim sem ekki hafa þegar greitt eftir öðrum leiðum.

Við hvetjum alla til að greiða félagsgjald fyrir 2002 sem fyrst með leiðum 1, 2 eða 3 og spara okkur giróseðilinn.

Ferðasaga sjálfboðaliða

Þávar fyrir rúmu ári síðan að ég ákvað að fara til Palestínu. Viðar Þorsteinsson og Sveinn Rúnar Hauks-son voru þá nýkomnir af svæðinu, en þeir höfðu meðferðis myndupptökur úr ferð sinni. Það er óhætt að segja að myndefnið sem við fengum að sjá þaðan [á stórum fundi í Háskólabíói, innsk. ritstjóra] hafi hreyft við manni svo um munaði. Ég hefði aldrei trúað því að ég ætti sjálfur eftir að vitni að svona mik-illi eyðileggingu á ferðum mínum þar, en sú varð þó raunin.

Eftir að haf sloppið í gegn um stífar yfirheyrslur á Ben Gurion flugvellinum við Tel Aviv var förinni heitið til Austur-Jerúsalem þar sem margir alþjóðlegir sjálfboðaliðar höfðu aðsetur. Ég hitti þá fyrir Eirik Hjalmarsson, fréttamann á Stöð tvö og það varð úr að við ákváðum að fara vítt og breitt um Vesturbakkann skoða ástandið þar. Við fórum til Betle- hem, Ramallah, Nablus, Jenín og Gaza og hittum þar fyrir heilbrigðisstarfsfólk og heimamenn ásamt því sem við skoðuðum eyðileggingarslóð ísraelska hersins. Það er ekkert hægt að skafa ut- an af því að eyðileggingin var skelfileg. Heimili fólks höfðu verið jöfnuð við jörðu með feiknastórum jarðýtum, annars staðar höfðu verið gerðar sprengjuárásir úr þylrum á íbúðahverfi og sumsstaðar höfðu skriðdrekar verið notaðir til að brjóta og bramla. Ein harðasta árásin sem gerð hafði verið á íbúðahverfi Palest- ínnumanna hafði verið gerð í Jenín nokkru áður en við fórum þar um.

Aðstæðurnar þar voru þær verstu sem ég hef nokkurntímann séð. Þær voru í raun svo slæmar að ísraelskum yfirvöldum var mjög í mun að halda að- komumönnum í góðri fjarlægð frá stað- num. Við laumuðum okkur þó „bakdyra- megin“ inn í borgina. Aðstæðurnar þar voru svo átakanlegar að það fór hrollur um mann. Heilt íbúðahverfi hafði verið geryðilegt en þegar árásin hafði verið gert voru margir heima fyrir. Það fann maður á nályktinni, en hún blandaðist brunalykt og lyktaði blandan ólýsan- lega illa.

För minni var síðar heitið til Ramall- ah, stjórnarseturs palestínsku heima- stjórnarinnar, en þar var og er stöðug þörf fyrir fólk til hinna ýmsu starfa.

Eftir nokkurra daga dvöl þar varð það úr að ég hélt ásamt hópi fólks upp til Balata-flóttamannabúðanna sem liggja við hlið Nablus-borgar, en þar hafði herinn þjarnað mikið að fólki með hús- leitum, handtökum og almennum yfir- gangi.

Við urðum þess fljót áskynja að regl- ur um framferði ísraelsku hermanna- anna á svæðinu voru í litlu samræmi við það sem þeir raunverulega voru að að-

hafast. Hermenn lögðu til dæmis undir sig mosku til þess að nota sem fjar- skiptamiðstöð, en slíkt er harðbannað samkvæmt Genfarsáttmálanum.

Svo fóru hermennirnir hús úr húsi til að handtaka alla karlmenn og þá not- uðu þeir gjarnan tækifærið og brutu og brömluðu innanstokksmuni. Svakaleg- ast þótti okkur þó framferði þeirra þeg- ar þeir, með sleggjum, brutu sér leið í gegn um skilveggi milli íbúða, í gegn um þver og endilöng, þéttbyl hverfi til þess að búa sér til flóttaleiðir að eigin sögn. Gerðu þeir þá göng um samliggj- andi íbúðir og spáðu ekkert í hvað lægi hinumegin við þá vegg sem þeir felldu.


Viða mátti sjá bíla sem keyrt hafði verið yfir af skriðdrekkum að ástæðulausu og við verslunargötur höfðu skriðdrekar keyrt um verslanir og geryðilagt þær.

Það fór svo að lokum að við vorum fjarlægð með valdi og sett í fangelsi fyrir

þær sakir einar að trufla opinbera starfsmenn við vinnu sína. Það leikur þó enginn vafi á því að hinar raunverulegu ástæður þess að við vorum fjarlægð voru þær að aðgerðir ísraelska hersins á stað- num þöldu ekki nána skoðun okkar.

Eftir að hafa verið á ferðinni um Vesturbakkann og Gaza sannfærðist ég um ágæti þeirrar aðferðar að sýna nær- veru sína þar sem ísraelski herinn fer með ofbeldi gegn palestínski alþýðu. Nærvera utanaðkomandi aðilja er til þess fallin að draga úr hörku hersins og milda þar með skaðann sem hann veld- ur. Það sýnist mér í fljótu bragði vera það árangursríkasta sem einn einstaklingur getur gert upp á eigin spýtur. Þess vegna hlýt ég að hvetja þá sem sjá sér fært að mæta á svæðið í mannúðarskyni til að gera það.

Hrafnkell Brynjarsson



Palestínuferð

Eitt kvöldið, hálfum mánuði fyrir ferm- inguna mína sem var þann 13. apríl komu foreldrar mínir inni herbergið mitt og spurðu mig hvað ég vildi í ferm- ingargjöf. Ég sagðist ekki hafa hug- mynd um það en þá buðu þau mér að fara til Palestínu með pabba mínum (Sveini Rúnari) og systur minni (Ingu Sveinsdóttur). Þau sögðu mér að hugsa mig vel um hvort ég vildi fara. Ég gerði það en ákvað að lokum að fara með. Vð fórum fyrst til Lundúna og vorum þar í tvær nætur og flugum svo beint til Tel Aviv. Á þessari ferð gistum við í húsi við Augusta Victoria Hospital á Olíufjalli í Austur-Jerúsalem, sem prestur að nafni Rudolf Hinz hefur til umræða, en hann er forstöðumaður þarna á vegum Lút- erska heimsambandsins. Við ferðumst til Ramallah, Hebron og Betlehem en pabbi minn og systir mín fóru líka til Jenín en ég varð eftir í Ramallah vegna magakveisu. Ég kynntist mataræði í

Palestínu og mér líkaði það, sérstaklega Kebab (skyndibitamatur Palestínu) og Makluba eða „á hvolfi“. Svo kynntist ég unglíngum og ungu fólki bæði í Ramall- ah og Hebron og komst meðal annars að því, að langflestir karlmenn þarna úti reykja og byrja mjög snemma eða jafn- vel um 12 ára gamlir. Svo spjallaði ég við þessa krakka og fór líka með 2 stelp- um og systur minni „úti bæ“ og var það mjög skemmtilegt. Það sem maður tók hins vegar helst eftir var óþrjótandi ör- læti Palestínnumanna og glaðlyndi þrátt fyrir ástandið úti. Við fórum á markaðinn í Gömlu borginni í Jerúsalem, eyddum heilum degi við Dauðahafið, fórum í mótmælagöngu og einnig í ferð með sjúkrahúsi til að gefa veikum lyf í litlum þorpum. Í heildina séð finnst mér þetta frábært land og mjög gott fólk og mundi endilega vilja fara þangað aftur og vera í lengri tíma.

Guðfinnur Sveinsson

Pabbi, það er bara ekki f**king fair það sumir skuli hafa allt og aðrir ekkert“ varð tvítugum syni mínum að orði inni í ísraelskri hagkaupsverslun í Vestur Jerúsalem. Er uppeldi að skila sér, var mín fyrsta hugsun og gladdist innra með mér yfir þessum merkjum um að hann var gæddur ríkri samúð með þeim sem minna mega sín, með þeim sem búa við kúgun án þess að hafa nokkuð til hennar unnið. Þetta var okkar fyrsta heimsókn í ísraelska verslun eftir nær hálfan mánuð í landinu. Við fórum ávallt í litla verslun nálægt verustað okkar á Ólífufjallinu, þar sem ljúfur og indæll palestínskur kaupmaður reyndi að uppfylla þarfir okkar eftir bestu getu.

Að sjá það ríkidæmi sem Ísraelar búa við og lífa innan um fátæka Palestínurmenntu í fjórar vikur var ógleymanleg upplifun. Að kynna þrotlausri þrautseigju íbúanna á hernumdu svæðunum, þar sem hermennirnir niðurlægja íbúana reglulega. Að sjá hve þungt þessi kúgun leggst á alsaklaust fólk, gamla fólk og konurnar. Konurnar nánast bera ástandið utan á sér, en manni rennur til rifja að sjá öldruðum bónda snúið frá eftirlitsstöð og sendan

Tvæær þjóðir

búsettur erlendis og fannst ég ekki upplifa nein jól ef ekki var sungið „Í Betlehem er barn oss fætt.“ Laugardaginn 29. mars var ég staddur í fyrsta sinn í Betlehem, í Fæðingarkirkju Frelsarans og á torginu fyrir framan hana. Ég vissi að þarna átti að vera hátíð. Þarna ætluðu allir skólar flóttamannabúða Palestínuranna í og umhverfis Betlehem að koma saman til vorhátíðar. Börnin voru um 3000 talsins á aldrinum 6 til 12 ára. Auk þess var búist við um 2000 fullorðnum, foreldrum, ömmum og öfum, eða alls um 5000 manns. En ég kom „of seint.“ Í stað þess að hátíðin stæði í 2–3 klst. eins og ráðgert hafði verið, þá komu tveir herjeppar á svæðið 20 mínútum eftir að hátíðin hafði verið sett, fullsetnir hermönnum. Þeir óku tvisvar eða þrisvar inn á torgið fyrir framan Fæðingarkirkjuna og tókst að ögra einhverjum unglingum til að kasta einstaka steini í átt til þeirra. Það nægði. Táragasprenjum var skotið inn í vopnlausan

Framtíðin?

Framtíðin er mörg spurningamerki. Við hittum ungt námsfólk í Hebreska háskólanum sem sá ekki mikla framtíð í að búa í Ísrael við núverandi aðstæður. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra ætlaði sér að setjast að annars staðar að námi loknu. Palestínurmenn eiga ekki kost á þessum möguleika, þeir fá ekki að flytja úr landi. „Við fórum ekki héðan nema í svörtum plastpokum“ eru svör sem við fáum meðal Palestínuranna.

Eins og margir vita eru Gyðingar og Arabar náskyldar þjóðir, bæði hvað tungumál og sameiginlega sögu varðar. Það er ekki um aðra lausn að ræða en að búa saman, hvenær sem menn svo finna leiðina til þess. Meðal Palestínuranna er ríkur vilji til þess meðal folksins. Hægri öfgasamtök eins og Hamas eru í raun eina undantekningin. Við hittum palestínskan rithöfund sem býr sunnan við Gaza borg sem á ísraelskan rithöfund að vini, sem býr í Jerúsalem. „Hann þorir ekki að koma hingað og heimsækja mig og ég fæ ekki að fara af svæðinu, en við erum í reglulegu sambandi á netinu og svo hringjumst við einstaka sinnum“, segir hann og brosir þessu ljúfa en glettnislega brosi sem einkennir svo marga á þessum slóðum. Það vottar jafnvel fyrir ögrun í augnakröknum. Hann ætlar greinilega ekki að láta herinn taka af sér ísraelskan vin sinn.

Ég spurði unga ísraelska stúlku í Hebreiska háskólanum hvort hún gæti hugsað sér að giftast Palestínurmanni. „Því ekki, ég á palestínskar vinkonur sem búa í Austur-Jerúsalem, ástin fer sínar eigin leiðir og við gætum ekki búið hér. Við yrðum að reyna að flytja til Evrópu eða Bandaríkjanna. Vinkona mín gifti sig í fyrrahaust, en hún þorði ekki að bjóða okkur, ísraelskum vinkonum sínum, í brúðkaupið vegna öryggis okkar. Nokkrum vikum seinna héldum við þeim aðra veislu í Vestur-Jerúsalem“. Ef maður spyr fólk hver er það sem getur leyst vandann verður svarið ávallt það sama.

„Bandaríkjamenn.“

Borgþór Kjærmsted



heim aftur með afrakstur vinnu sinnar – grænmetið sitt. Slíkur markaður er viðkvæmur fyrir ofþroskun í sumarhitunum og bóndinn lítur ekki út fyrir að hafa mikið bolmagn til að bera mikil áföll vegna uppskerunnar. En samt gefst þetta fólk ekki upp heldur gerir allt sem það getur til að halda reisu sinni, efla menntun sína og þekkingu og leggur mikla alúð við yngri kynslóðina. Það liggur við að maður öfundi það af þessu þreki – við þessir hóglífismenn Vesturlanda sem lítt þurfum fyrir lífinu að hafa.

Mestu áhrifin sem ég varð fyrir voru í Betlehem. Um fjölda ára skeið var ég

mannfjöldann og einhverjum skotum líka þar sem farið var með 4 unglinga á slysavarðstöfu. Hvers vegna? Hver var tilgangurinn með því að koma í veg fyrir þessa vorhátíð skólalabarnanna?

Við fórum í staðinn í heimsókn í unglingamiðstöð. Þar var umsjónarmaðurinn að stjórna leikæfingu á „How to go through a checkpoint.“ Tilgangurinn var að vinna úr þeim tilfinningum niðurlægingar og reiði sem unglingarnir bera með sér. „Það er betra að leysa þessar tilfinningar hér innandyra en úti á götu“ sagði leiðbeinandinn.



18 sjálfboða- liðar til hjálpstarfa í Palestínu á tveimur árum

Á þessu ári og síðasta hafa eftirtaldir sjálfboðaliðar farið til hjálpstarfa í Palestínu:

Björk Vilhelmsdóttir
Borgþór Kjærnested,
Eiríkur Hjálmarsson
Eldar Ástþórsson,
Ernesto Ortiz,
Eva Líf Einarsdóttir,
Guðfinnur Sveinsson,
Hallgerður Thorlacius,
Heimir Snorrason,
Hrafnkell Brynjarsson,
Inga Sveinsdóttir,
Kjartan Þór Ragnarsson,
Pétur Friðfinnur Kærnested,
Stefán Þorgrímsson,
Sveinn Rúnar Hauksson,
Vésteinn Valgarðsson,
Viðar Þorsteinsson,
Þorkell Þorkelsson

Viðurstyggð eyðileggingarinnar

Hjónin Björk Vilhelmsdóttir og Sveinn Rúnar Hauksson standa hér fyrir framan fjölbylishús í borginni Khan Younis í sumar. Eins og sjá má á myndinni hefur húsið orðið fyrir mikilli skotárás ísraelska hersins og ekki sérlega heillandi staður að búa í. Þó má ef til vill segja að íbúar þessa húss hafi sloppið betur en íbúar þeirra fjölmörgu íbúðarhúsa sem ísraelskir hermenn hafa jafnað við jörðu.

Er friðartal Bush og Sharons skálkaskjól?

Framhald af forsiðu

sælust og ríkast af vatni. Ef áætlanir Ísraelsstjórnar ganga eftir hafa Ísraelar endanlega lagt undir sig um 90% upphaflegs lands Palestínu. Þegar fram í sækir ætla þeir sér allt landið, því að í þessum aðgerðum felst þjóðernishreinsun, þótt hægar fari en í sumum öðrum tilvikum.

Ekki er öll von úti

Það er eins gott að horfast í augu við þann veruleika sem blasir við Palestínumönnum. Hann er sá að ekki er von á neinum raunhæfum friðarsamningum meðan Bush og Sharon eru við völd og stefna þeirra er ráðandi. Það er nánast útilokað að ríkisleiðtogar sem telja sig ofar lögum og sjá enga ástæðu til að virða ályktanir Sameinuðu þjóðanna setj-

ist allt í einu að samingaborði og vinni að lausn mála sem byggir á alþjóðalögum, réttlæti og þar með varanlegum friði.

Öll von er þó ekki úti. Palestínska þjóðin hefur sýnt ótrúlega seiglu og úthald við ómennskar aðstæður. Sérhver ný uppfinning hjá hernámsliðinu til að brjóta andlegt þrek þjóðarinnar og kúga þá til uppgjafar hefur mistekist. Í stríði sem þessu er það úthaldið sem ræður úrslitum. Þrátt fyrir sívaxandi grimmd af hálfu Ísraelskers og landtökuliðsins er engan bilbug að finna á Palestínumönnum. Þeir vita að þeir hafa lögin og réttinn sín megin og þótt ofurvald Ísraelskers sé yfirgnæfandi þá mun réttlætið sigra að lokum.

Sveinn Rúnar Hauksson